

## 16. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund miðvikudaginn 16. febrúar 2005 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, formaður, María Valdimarsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Alda Pálsdóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Guðfinna Diego Arnórsdóttir og Vignir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

Vignir sagði frá því sem er framundan í íþróttahúsinu. Mikið er um fjölliðamót í húsinu það sem af er vetri og framundan. Samstarfið við líkamsræktarstöðina hefur verið gott. Það er orðið aðkallandi að endurnýja hliðarkörfur í íþróttasalnum.

Guffý og Inga Dalla sögðu frá starfinu í X-inu. Kom fram hjá þeim að tímabært er að fá fagmenn í heimsókn til að meta viðhald og lagfæringar t.d. á rafmagni.

Nefndin óskar einnig eftir því að félagsmiðstöðin fái gömlu slökkvistöðina til afnota t.d. sem æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir.

Rætt um öskudagsballið, Samfésballið og fleiri uppákomur sem eru liðnar og framundan.

Fyrirhugað er að halda “Geðveika daga” í félagsmiðstöðinni í samstarfi við Geðvernd og foreldrafélag GSS.

Félagsmiðstöðin er í samvinnu með GSS að setja upp Litlu hryllingsbúðina sem veður sýnd í mars.

2. Rekstur íþróttavallarins.

Rætt um tillögur Vignis. Ákveðið að skoða betur á næsta fundi.

3. Áheyrnarfulltrúi Snæfells á fundum æskulýðs- og íþróttanefndar.

Nefndin samþykkti að Umf. Snæfell fái ekki fastan áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar en hins vegar yrði það í höndum nefndarinnar að boða hagsmunaaðila á fund þegar henta þykir.

Fundi slitið kl. 17.55.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),  
Alda Pálsdóttir (sign.),  
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.),  
Vignir Sveinsson (sign.).

María Valdimarsdóttir (sign.),  
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),  
Dallilja I. Steinarsdóttir (sign.).